



Ábyrgð og framkvæmd

Matvælastofnun, undir stjórn úttektaáðila og sviðsstjóra Samhæfingar og Vettvangseftirlits, ber ábyrgð á gerð og endurskoðun landsbundinnar úttektaáætlunar til margra ára (LÚMA).

1. Árlega skal úttektaáðili meta hvort ástæða sé fyrir breytingar á LÚMA. Úttektaáðili stofnar mál undir málalykli 0.4.1 Innri úttektir með heitinu „LÚMA“-yyyy-yyyy, þar sem öll gögn tengd málinu skulu vistuð.

2. Til að leiða fram áhættumiðuða úttektaáætlun til margra ára (LÚMA) og ársáætlun skal úttektaáðili framkvæma áhættumat innri úttekta sem nær til allra þeirra flokka sem innra úttektakerfið spannar. Áhættumatið skal byggt á fyrirliggjandi niðurstöðum innri og ytri úttekta, viðtölum sem úttektaáðili framkvæmir við valda starfsmenn allra sviða MAST og áhættumatslíkani innri úttekta, LBE-176.

Leiði áhættumatið í ljós þörf fyrir breytingar á LÚMA skulu úttektaáðili og sviðsstjórar Samhæfingar og Vettvangseftirlits rýna niðurstöður áhættumatsins og leggja sameiginlegt mat á þörf fyrir slíkar breytingar.

Sviðsstjórar og úttektaáðili leggja sameiginlega fram tillögu að LÚMA fyrir gæðaráð MAST til afgreiðslu. Hún skal ekki spanna meira en 5 ár og á því tímabili skal úttekt fara fram a.m.k. einu sinni á öllum þeim sviðum og hjá öllum þeim lögbæru yfirvöldum sem um ræðir. Að lokinni afgreiðslu gæðaráðs skal úttektaáðili, eigi síðar en 1. nóvember, leggja LÚMA fyrir úttektastjórn til afgreiðslu. Úttektaáðili birtir staðfesta úttektaáætlun (LÚMA) á vef MAST fyrir 1. desember.

3. Á grundvelli LÚMA gerir úttektaáðili tillögu að árlegri áætlun innri úttekta á opinberu eftirliti fyrir næstkomandi ár. Hann stofnar mál undir málalykli 0.4.1 Innri úttektir með heitinu „Ársáætlun úttekta yyyy“. Þar verði öll gögn vistuð er tengjast ársáætlun innri úttekta fyrir viðkomandi ár.

Við gerð árlegrar úttektaáætlunar tekur úttektaáðili mið af niðurstöðum fyrirliggjandi áhættumats innri úttekta. Úttektaáðili leggur tillögu að ársáætlun innri úttekta á opinberu eftirliti fyrir gæðaráð til afgreiðslu.

Eftir að gæðaráð hefur afgreitt ársáætlun birtir úttektaáðili áætlunina á vefsíðu stofnunarinnar fyrir 1. desember ár hvert.

Samhliða gerð árlegrar úttektaáætlunar á opinberu eftirliti gerir gæðastjóri gera tillögu að innri úttektaáætlun fyrir gæðahandbók MAST þegar slík úttekt hefur verið rædd og samþykkt í gæðaráði. Hann stofnar möppu undir máli ársáætlunar úttekta fyrir viðkomandi ár, sbr. 3. lið, með heitinu „Gæðahandbók“. Þar verði öll gögn vistuð er tengjast ársáætlun innri úttekta á gæðahandbók fyrir viðkomandi ár.

Úttektaáætlun skal vera áhættumiðuð og skal gæðastjóri leggja hana fyrir gæðaráð til samþykktar einu sinni á ári, samhliða úttektaáætlun á opinberu eftirliti.

Ársáætlun innri úttekta, bæði á opinberu eftirliti og á gæðahandbók, skal innihalda heiti úttektar (Auðkenni-„Innri úttekt“-Lýsandi heiti), úttektarmarkmið, umfang, og dagsetningar opunar- og lokafunda. Auðkenni úttektar skal vera á forminu yyyy-nr. úttektar.